DEILISKRÁNING FORNLEIFA VEGNA MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM Á IÐNAÐARLÓÐ VIÐ VOGAVEG



RITSTJÓRI OG HÖFUNDUR EFNIS: KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

Reykjavík 2016

FS605-16051

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

Forsíðumynd er af hleðslu GK-123:191 í landi Stóru-Voga. Horft til austurs.
Ljósmynd tók Kristborg Þórsdóttir.

©Fornleifastofnun Íslands 2016

Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....5
1. INNGANGUR 7
2. FORNLEIFASKRÁ 9
3. UMFJÖLLUN OG NIÐURSTÖÐUR.....11
HEIMILDASKRÁ 12
VIÐAUKI 1: HNITASKRÁ ISN93.....13
VIÐAUKI 2: KORT 14

Helstu niðurstöður

- Deiliskráning fornleifa var unnin á iðnaðarlóð við Vogaveg í Vogum á Vatnsleysuströnd vegna stækkunar lóðarinnar. Starfsemi hefur verið á hluta lóðarinnar fram að þessu. Auk lóðarinnar var tekið út 50 m breitt helgunarsvæði í kringum hana.

- Mikið rask hefur orðið innan lóðarinnar sem tekin var út og hlutfallslega lítill hluti hennar sem enn er óraskaður.

- Engar fornleifar fundust innan lóðarinnar en tvær fornleifar eru innan 50 m breiðs helgunarsvæðis í kringum hana sem teljast í hættu. Minjarnar voru mældar upp með Trimble Geoexplorer 6000.

- Í báðum tilvikum ætti að vera hægt að komast hjá því að raska fornleifunum.

1. Inngangur

Í aprílbyrjun 2016 óskaði Sveitarfélagið Vogar eftir því að Fornleifastofnun Íslands tæki að sér að vinna deiliskráningu fornleifa innan iðnaðarlóðar við Vogaveg (421) í landi Stóru-Voga. Fornleifastofnun hafði áður unnið aðalskráningu fornleifa fyrir jörðina (sjá Áfangaskýrslu I (2011)[1]). Skráning, skýrsluskrif og kortagerð var í höndum Kristborgar Þórsdóttur, fornleifafræðings. Skráningin fór fram þann 22. apríl 2016 þegar jörð var auð og veður bjart. Gengið var skipulega yfir lóðina þar sem ekki voru byggingar og helgunarsvæði í kringum hana. Lóðin er ca 5,5 ha að stærð en byggingar og önnur mannvirki eru á stórum hluta hennar. Minjarnar sem eru innan úttektarsvæðisins voru mældar upp með Trimble Geoexplorer 6000.

Í skýrslunni sem hér fylgir á eftir er fyrst gerð grein fyrir þeim fornleifum sem eru á úttektarsvæðinu (2. kafli: Fornleifaskrá). Þar á eftir fylgir niðurstöðukafli (3. kafli) en aftast í skýrslunni er svo að finna heimildaskrá ásamt hnitalista og korti.



Kort sem sýnir gróflega staðsetningu iðnaðarlóðar við Vogabraut. (Herforingjaráðskort, kort 27)

Við vettvangskönnun var farið eftir lögbundinni skilgreiningu fornleifa. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 segir m.a. að til fornleifa teljist hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra minja sem menn hafi gert eða mannaverk séu á og séu 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar

[1] Kristborg Þórsdóttir, FS460-07251


hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

2. Fornleifaskrá

GK-123 Stóru Vogar

GK-123:064 *Gíslaborg* tóft fjárskýli 63°59.033N 22°21.876V

"Rétt heima við Vegamótin er svæði sem nefnist Lægðin. Austar og hærri er fjárborg, nefnist hún Gíslaborg og vestan undir henni lægðir heita Gíslaborgarlágar," segir í örnefnaskrá. "Suður undir Vogaafleggjara og suðvestur af Brunnastaðalangholti er Gíslaborg og Gíslaborgarlágar austur og norður af henni. Þarna eru rústir af stórri fjárborg og er mál borgarinnar u.þ.b. 10x7 m og veggþykktin töluverð," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Áður en kemur inn í þéttbýlið Voga er verksmiðjuhúsnæði Norma ehf. við Hraunholt austan afleggjarans. Austan við verksmiðjuna, í grónu hrauni, er grjóthlaðin fjárborg og sést hún vel að. Um 1,1 km austur af Stóru-Vogum 001.



Tóft 064


Gíslaborg 064, horft til austurs

Fjárborgin stendur á dálitlum grónum hól í uppgrónu hrauni.

Fjárborgin er um 10x7 m að utanmáli, en hleðslur eru nokkuð hrundar út og virðist umfang hennar því meira. Hún snýr norður-suður og er op á miðri suðurhlið. Borgin er öll grjóthlaðin, en í norðurhluta hennar virðist torfi eða jarðvegi vera hlaðið með utanverðum veggjum. Að innan er borgin einnig niðurgrafin í norðurhluta og er þykkt veggja þar allt að 2,5 m, en annars um 1 m. Engu síður hallar fletinum nokkuð til suðurs innan tóftarinnar. Grjót í hleðslum er nokkuð stórt, hleðslur grónar og hæð þeirra um 1,2 m. Innan tóftarinnar má greina 6 lítil aðskilin hólf, öll aðgreind með einföldum grjóthleðslum. Talsvert hefur hrunið úr hleðslum innan tóftarinnar og er mögulegt að hólfin hafi verið fleiri.

2016: Tóftin var mæld upp við deiliskráningu vegna stækkunar iðnaðarlóðar við Vogabraut. Hún er 15x12 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Breytingar hafa verið gerðar á borginni sem var áður hringlaga. Hún hefur verið lengd til suðurs og eru hleðslur þar ógrónar. Einnig

hafa litlu hólfin inni í henni verið hlaðin í seinni tíð. Borgin hefur líklega verið um 12 m í þvemál fyrir breytingarnar og op verið á henni til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vogar, 13-14; SG: Örnefni og gönguleiðir, 53

GK-123:191 hleðsla 63°59.026N 22°22.314V

Lítil grjóthleðsla er á lágu hraunholti um 360 m vestan við Gíslaborg 064, 44 m norðvestan við norðvesturmörk iðnaðarlóðar við Vogabraut og 90 m norðaustan við Vogabraut sem liggur af Reykjanesbraut að þéttbýlinu í Vogum.

Hleðslan er á flatri hraunhellu í mosagrónu hrauni með grónum lautum inn á milli en einnig er gróðurlaus holmói í hrauninu.



Hleðsla 191, horft til suðurs

Hleðslan er um 1,5x1 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 0,3-0,4 m á hæð þar sem hún er hæst og í henni sjást 2-3 umför. Grjót hefur hrunið úr hleðslunni, aðallega til vesturs. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hleðslan gegndi og óvíst er að hún sé mjög gömul en aldur hennar er ekki þekktur.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

3. Umfjöllun og niðurstöður

Úttektarsvæðið er í grónu hrauni norðaustan við Vogaveg (421), um 700 m austan við gamla bæjarstæði Stóru-Voga. Svæðið er því langt utan gamla heimatúnsins og hentar ekki til ræktunar en hefur verið nýtt til beitar. Þess var því að vænta að á svæðinu væru fáar og dreifðar fornminjar. Engar fornleifar fundust innan iðnaðarlóðarinnar sem tekin var út en hafa ber í huga að byggingar og önnur mannvirki eru á stórum hluta lóðarinnar og talsvert rask í kringum þau. Ekki er vitað til þess að fornleifar hafi verið á því svæði. Innan 50 m helgunarsvæðis umhverfis lóðina eru tvær fornleifar. Önnur þeirra er Gíslaborg GK-123:064, fjárskýli sem skráð var árið 2008 þegar Stóru-Voga jörðin var aðalskráð. Fjárborgin er 43 m austan við lóðamörk, uppi á afgerandi hól í grónu hrauninu. Hin fornleifin, hleðsla GK-123:191, var ekki skráð 2008, þegar aðskráningin var unnin. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hún hefur gegnt og óvíst er að hún sé gömul en grjótið í henni er skófum vaxið. Aldur hennar er ekki þekktur. Hleðslan er 44 m norðvestan við lóðamörk. Báðar þessar fornminjar teljast í hættu vegna framkvæmda en auðvelt ætti að vera að komast hjá raski á þeim þar sem þær eru utan lóðarinnar og í útjaðri helgunarsvæðis í kringum hana.

Að lokum er minnt á það sem segir í 24. grein laga um menningarminjar:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.

Heimildaskrá

Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). *2011. Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum. Áfangaskýrsla I*. FS460-07251. Fornleifastofnun Íslands.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html


SG: Örnefni og gönguleiðir: Sesselja G. Guðmundsdóttir. 2007. *Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi (ofan Gamla-Keflavíkurvegarins)*. Lionsklúbburinn Keilir, Vatnsleysuströnd.

Ö-Vogar: Örnefnaskrá Voga. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Viðauki 1: Hnitaskrá ISN93

Samtala	Austur	Norður
GK-123:064	335339.896	391107.231
GK-123:191	334978.061	391112.294

Viðauki 2: Kort


Kort 1
N
GK-123:191
GK-123:064
Skýringar
• fornleifar
— afmörkun lóðar
25 0 25 50 75 100 m